

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur um afgreiðslu mála
hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

1. *Hve margar óafgreiddar kærur eru skráðar í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál og í hve mörgum þeirra er allri gagnaöflun lokið þannig að úrskurða megi í málinu?*

Í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál eru sem stendur skráð 56 óafgreidd mál. Í 32 málum er gagnaöflun lokið og mál þar með tilbúin til efnislegrar umfjöllunar í nefndinni.

2. *Fá kærur afgreiðslu í þeirri röð sem þær berast og ef ekki, hvernig er forgangs röðun þeirra metin?*

Meginreglan er sú að kærur fá afgreiðslu í þeirri röð sem þær berast. Sú röð getur þó riðlast vegna tafa við gagnaöflun eða vegna umfangs og eðlis mála.

3. *Hver hefur meðalafgreiðslutími kæra verið frá 1. janúar 2014 og hver er áætlaður afgreiðslutími miðað við stöðu mála nú?*

Meðalafgreiðslutími mála frá því að gagnaöflun er lokið er um 90 dagar. Meðalafgreiðslutími frá því að kæra berst og þar til mál er afgreitt með úrskurði er um 200 dagar. Unnið er að því að stytta afgreiðslutíma hjá nefndinni.

Á vef nefndarinnar, <http://ursk.forsaetisraduneyti.is/>, má nálgast nánari upplýsingar um mál hennar. Ítarlegri tölfraði um málsmeðferðartíma mun fylgja skýrslu forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga, nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 13. gr. laganna.